



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um íslensk landshöfuðlén.

Samráð hófst

30. ágúst 2019.

Samráð lauk

16. september 2019.

Fjöldi umsagna

5 + ein sem barst eftir að frumvarp fór í frágang fyrir framlagningu.

Umsagnaraðilar

Neytendastofa, Samtök atvinnulífsins, tveir einstaklingar, Persónuvernd og Hugverkastofu.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Neytendastofa gerði athugasemd við 3. mgr. 10. gr. og taldi að betur færi á því að aðilar máls hefðu heimild til að óska eftir því að léni yrði læst en ekki stjórnvald. Fallist var á rök Neytendastofu og ákvæðinu breytt til samræmis við athugasemd stofnunarinnar.

Samtök atvinnulífsins gerðu í fyrsta lagi athugasemd við það að í g-lið 2. mgr. 6. gr. væri gerð sú krafa til framkvæmdastjóra og meirihluta stjórnarmanna að þeir hefðu lögheimili hér á landi og töldu samtökin að um of íþyngjandi skilyrði væri að ræða auk þess sem það færi í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðuneytið féllst á ábendingu samtakanna og felldi g-lið 2. mgr. á brott. Í öðru lagi gerðu Samtök atvinnulífsins athugasemd við að ákvæði 12. gr. um réttindi og skyldur rétthafa

léna væri ekki nógu skýr. Bent var á að frumvarpið yrði að innihalda ákvæði þar sem tekin væru af öll tvímæli um rétt þeirra sem eiga skráð vörumerki til sambærilegra léna og að öðrum sé óheimilt að skrá slík lén. Ráðuneytið taldi ekki ástæðu til að breyta 12. gr. frumvarpsins þar sem frumvarpið fjallar ekki um vörumerkjarétt. Í þriðja lagi gerðu Samtök atvinnulífsins athugasemd við 13. gr. frumvarpsins að því leyti að ekki komi fram hvert almenningur og lögaðilar skuli leita með ágreining. Ráðuneytið bendir á að ekki sé gert ráð fyrir að leitað sé til Póst- og fjarskiptastofnunar með ágreining vegna laganna, verði frumvarpið að lögum. Ágreiningur sem upp kann að koma vegna léna er í föstum farvegi. Frumvarp þetta á ekki að fara inn á svið Neytendastofu, Persónuverndar eða annarra aðila. Eftirlitið er haft í lágmarki og snýr aðeins að skráningarstofunni. Í fjórða lagi gerðu Samtök atvinnulífsins athugasemdir við forkaupsréttarákvæði frumvarpsins. Bent var á að af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, megi leiða ólögfasta stjórnskipunarreglu um almennar takmarkanir. Samkvæmt henni þurfi allar takmarkanir á eignarétti að eiga stoð í lögum og þær þurfi að vera grundvallaðar á almannahagsmunum. Ráðuneytið bendir á, svo sem fram hefur komið, að þjónusta sú sem skráningarstofa veitir sé hluti af mikilvægum innviðum landsins, sbr. lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019, sem taka gildi 1. september 2020. Ákvæðið styðst því við öryggis- og almannahagsmuni. Þá er gætt meðalhófs við útfærsluna enda er forkaupsréttur talsvert mildara úrræði en t.d. eignarnámsheimild.

Þá sendi einn einstaklingur inn athugasemd við 11. gr. frumvarpsins. Taldi hann ákvæðið vera of rúmt og lagði til að það yrði þrengt ef nauðsynlegt væri að hafa ákvæðið í frumvarpinu en ákvæðið gæti leitt til valdníðslu og takmarkað tjáningarfrelsið. Ráðuneytið bendir á að ákvæðinu er ekki ætlað að hafa áhrif á tjáningarfrelsi og því hefur umfjöllun um 11. gr. verið aukinn í ljósi athugasemdarinnar.

Persónuvernd sendi inn athugasemd við frumvarpið beint til ráðuneytisins. Gerð var athugasemd við að ekki væri skýrt í hvaða tilgangi verið væri að afla persónuupplýsinga samkvæmt frumvarpinu. Vegna athugasemdar Persónuverndar voru gerðar breytingar á 8. gr. og tveimur málsgreinum bætt við það ákvæði.

Í athugasemd eins hluthafa í Internet á Íslandi hf., ISNIC, er gerð athugasemd við forkaupsréttarákvæði frumvarpsins. Hann telur að ákvæðið muni rýra virði félagsins og draga úr áhuga almennra fjárfesta á hlutum félagsins. Þá muni þetta stuðla að fækkun hluthafa í félaginu. Ekki var talin ástæða til að taka ákvæðið út úr frumvarpinu.

Athugasemd frá Hugverkastofu verður tekið til skoðunar í þinglegri meðferð.

Skjal að loknu samráði

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1031.html>